

//Á döfinni//

...:Vorpróf:...

Vorpróf byrja miðvikudaginn 19. maí og ljúka miðvikudaginn 26. maí. Alla prófdaga er keyrt heim kl. 13:25.



...:Heimasíða skólans:...

Ný heimasíða verður tekin í notkun nú í maí. Thelma María hefur unnið að gerð hennar með tölvunar-sérfræðingi. Síðan er einföld og flott eins og þið getið séð eftir 17. maí.



// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...: Horft um öxl :...

Nú er veturinn að baki og blessað vorið komið með alla sína birtu og lífskraft sem það býr yfir.

Þegar við lítum um öxl, getum við verið afar þakklát fyrir hversu vel við gátum látið allt skólastarfið ganga fyrir sig með hefðbundnu sniði. Covid setti auðvitað ákveðið strik í reikninginn en það þurfti ekki að stytta skóladaginn og aðeins þurfti að gefa frí í tvo daga, sem kom nú ekki að alvarlegri sök því við það lengdist páskafríið hjá börnunum. Við náðum að halda okkar hefðbundnu skemmtanir, árshátíð og litlu jól. Þeim viðburðunum var streymt og nú höfum við öðlast þó nokkra þekkingu í þeirri tækni og höfum opnað „youtube“ reikning skólans þar sem efni hefur verið hlaðið inn.

Eins og þjóð veit, þá komu upp vandamál við fyrirlögn samræmdu prófanna hjá 9. bekk. Þó náðu allir nemendur að taka íslenskuprófið og þeir sem vildu gátu síðan tekið próf úr hinum námsgreinunum á pappír. Það gerðu sum þeirra og við erum stolt af góðum árangri þeirra.

Við höfum notið þess að finna mikla samstöðu í samfélagi skólans. Full ástæða er til að þakka fyrir það og eins starfsfólkinu fyrir kraftmikið og óeigingjarnt starf. Starfsfólk skólans leggur sig ævinlega fram um öflugt og gott skólastarf þar sem leitast er við að mæta fjölbreyttum þörfum barnanna okkar.

Það verða mannbreytingar næsta haust, þar sem Harpa Birgisdóttir og Kolbeinn Ísólffson munu hætta en Bæring J. B. Guðmundsson kemur aftur úr barneignarfríi. Svo kemur nýr kennari, Berta Karlsdóttir til starfa.

Einnig er komið að tímamótum hjá mér þar sem ég læt af störfum 1. ágúst og Yngvi Karl Jónsson tekur við sem skólastjóri.

Ég hóf störf í Laugalandsskóla haustið 1988, kenndi og var staðgengill skólastjóra fram til vorsins 1993. Þá tók ég við stjórn skólans og hef stýrt honum fram á þennan dag. Ég fór í námsleyfi 2004-2005 þegar ég lauk mínu mastersnámi frá Svíþjóð. Einnig fór ég í launalaust leyfi 2012-2013.

Þetta hefur verið skemmtilegur og reynsluríkur tími, þar sem ég hef unnið með faglegum hópi kennara og starfsfólks, svo ég tali nú ekki um þann fjölda nemenda og foreldra sem ég hef kennt og kynnst í gegnum árin. Ég er afar þakklátur fyrir samstarfið og þann hlýhug sem ég og mitt starfsfólk í Laugalandsskóla höfum notið frá skólasamfélaginu öllu og að leiðarlokum á ég mér þá ósk heitasta að allt starf við Laugalandsskóla megi blómgastr og þróast menntun barnanna okkar til heilla.

Sigurjón Bjarnason



...:Vorferðalag 10. bekkjar:...

Þriðjudaginn 25. maí fara nemendur úr 10. bekk í sína útskriftarferð. Viða verður farið og margt gert m.a. í klettasig og líftboltakeppni. Nemendur koma aftur heim föstudaginn 28. maí.



...:Vordagur:...

Fimmtudaginn 27. maí fögnum við vori í skólanum. Þá spreyta nemendur í 5. - 9. bekk sig á skemmtilegum stöðvum bæði inni og úti. Nemendur í 1. - 4. bekk munu eiga skemmtilegan dag með umsjónarkennurum sínum. Skólabílarir aka heim kl.13:25.

...:Umhverfisdagur:..

Föstudaginn 28. maí verður umhverfisdagur hjá 5.- 9. bekk, frá kl. 8:30 til 12:30. Við munum hreinsa beð, þrifa glugga og bera á timbur svo eitthvað sé nefnt. Í hádeginu verður venju samkvæmt grillveisla.

Nauðsynlegt er að nemendur komi í vinnufötum sem henta fyrir ofangreind verkefni.



Þann dag eru nemendur í 1.- 4. bekk ekki í skólanum.

...:Skólalok:...

Mánudaginn 31. maí verða skólaslit Laugalandsskóla með breyttu sniði, nánar auglýst síðar.



...:Mynddiskar til sölu:...

Að venju hefur skólinn tekið litlu jólin og árshátíð skólans upp og sett á mynddisk.

Það stendur öllum til boða að kaupa diskinn og kostar hann 1.000 kr.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við Thelmu kennara í símanúmer skólans eða í tölvupósti: telma@laugaland.is til að panta diskinn fyrir 15. maí.



...: Nemendurnir sem yfirgefa okkur í vor :...:

Á hverju hausti tökum við á móti nýjum nemendum sem stíga sín fyrstu skref í grunnskóla. Sömuleiðis kveðjum við eldri nemendur á hverju vori sem munu halda áfram göngu sinni eftir menntaveginum. Alltaf þykir okkur þetta jafn merkileg stund.

Á fyrstu bekkjarmyndinni eru þau 7 sem tekin var af þeim í Laugalandsskóla, en þá eru Helgi Hauksson og Eiður Örn Reynisson með þeim.

Í 5. bekk eru þær Rósmarý og Árbjörg komnar í hópinn. Árbjörg kom í 2. bekk en Rósmarý í 5. bekk. Hópurinn sem útskrifast í vor eru: Agnes, Árbjörg, Marey, Olgeir, Rósmarý, Sveinn og Þorbjörg. Til gamans setjum við hér nokkrar myndir af þessum krökkum frá fyrri árum.

Í 1. bekk var Hulda Brynjólfsdóttir umsjónarkennari þá voru þau 7 eins og fyrr sagði. Í 5. bekk var Guðni Sighvatsson umsjónarkennari en þá eru þau líka 7 eins og núna. Neðstu myndirnar voru teknar núna nýlega og þar klæðast þau peysum sem þau fá frá skólanum í lok 10. bekkjar.



Það er með gleði í hjarta sem við horfum eftir þeim og þökkum þessum nemendum kærlega fyrir samstarfið og óskum þess að þeim vegni vel í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur í framtíðinni!



Það má með sanni segja að þessir nemendur hafi þroskast, eflst og orðið að vöskum einstaklingum sem lifga og efla mannlífsflórana.

Það er með gleði í hjarta sem við horfum eftir þeim og þökkum þessum

